

Fyrirspurn til framkvæmdastjórnar frá fagráði Landspítala

30. september 2022

Miðað við daglegt stöðumat spítalans og starfsemistölur er gríðarlegt álag og skortur á fagfólki á Landspítala.

Nokkar tölur úr starfsemisupplýsingum í ágúst 2022

- Á bráðadeild voru t.d. yfir 800 „legudagar“ (dvalir lengur en 24klst). Á sama tíma voru flestar legudeildir með 1-2 sjúklinga umfram legurými.
- Rúmanýting á legudeildum var á flestum kjörnum yfir 100% þegar æskilegt hlutfall er um 80%.
- Hátt hlutfall sjúklinga sem þurfa mikla og flókna þjónustu endurspeglast í mælingum á hjúkrunarþyngd en um 46% sjúklinga á bráðalegudeildum falla í þyngstu hjúkrunarþyngdarflokkana (flokka IV og V). Hjúkrunarþyngd er ekki hægt að mæla á bráðamóttöku.
- Sjúklingar með gilt færni-og heilsufarsmat og biðu útskriftar voru um 60% fleiri en í fyrra eða alls 93 miðað við 58.

Allt endurspeglar þetta daglegar áskoranir sem birtast skýrast á bráðamóttöku.

Uppsagnir á hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku og aukið veikindahlutfall starfsfólks hefur auk þess aukið álag verulega á það starfsfólk sem er í vinnu. Sífelld krafa er á aukið vinnuframlag.

Daglega lætur starfsfólk spítalans, og þá sérstaklega á bráðamóttöku, vita af öryggisógn, ýmist í gegnum stöðumat eða með skráningu á atvikum. Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að dreifa álaginu en það dugir ekki til.

Fagráð Landspítala spyr því framkvæmdastjórn hvenær er mönnunarvandi og álag orðið það mikið að nauðsynlegt sé að setja spítalann á hærra viðbúnaðarstig?

Staðan núna bendir til að Landspítali þurfi utanaðkomandi aðstoð til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Fyrir hönd fagráðs Landspítala

Marta Jóns Hjördísardóttir

Marta Jóns Hjördísardóttir formaður
martjons@landspitali.is